

Sérkennslustefna Hulduheima

Í Hulduheimum leggjum við áherslu á að skapa gott félagslegt andrúmsloft þar sem nemendur og starfsmenn fá notið sín og þroski sína góðu eiginleika fordómalaust. Við vinnum uppeldisstarfið í nánú samstarfi við foreldra. Við leggjum áherslu á að foreldrar, kennarar og hugsanlega aðrir samstarfsaðilar séu meðvitaðir um hvar nemendur eru staddir á þroskabrautinni. Komi fram grunur um frávik í þroska barns eða það koma fram erfiðleikar í hegðun eða líðan er málefnum barnsins vísað til úrlausnar innan lausnateymis skólans og/eða til sérkennslustjóra.

Sérkennslustefna Hulduheima byggir fyrst og fremst á hugmyndafræði um nám fyrir alla og snemmtæka íhlutun. Í námi fyrir alla er áhersla lögð á að bera kennsl á hvernig hver og einn nemandi lærir best og þróa þær aðferðir sem hjálpa honum að ná árangri. Námið á að snúast um að hver og einn nái að sýna fram á getu sína til að læra (Reid, 2007, bls. ix). Snemmtæk íhlutun byggir á markvissum aðferðum til að koma í veg fyrir og/eða draga úr áhrifum þroskavanda og erfiðleikum á sviði félagslegrar aðlögunar í lífi barna með fatlanir eða barna í áhættuhóp. Tímabilið frá fæðingu barns til sex ára aldurs er sérstaklega mikilvægt í þessu sambandi og er þroskaframvinda og hæfni til náms mest á þessum árum (Tryggvi Sigurðsson, 2008, bls. 124).

Starfssvið sérkennslustjóra

Sérkennslustjóri starfar samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, lögum um málefni fatlaðra, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá leikskóla og stefnu viðkomandi sveitarfélags.

Sérkennslustjóri ber ábyrgð á og stjórnar skipulagningu, framkvæmd og endurmati sérkennslu í skólanum ásamt skólastjóra. Hann er faglegur umsjónamaður sérkennslu skólans og annast frumgreiningu og ráðgjöf til annarra starfsmanna.

Sérkennslustjóri ber ábyrgð á að börnum sem njóta sérkennslu í skólanum sé boðið upp á þroskavænleg verkefni við hæfi. Sérkennslustjóri ber ábyrgð á gerð einstaklingsnámskráa fyrir þau börn og hefur yfirumsjón með að áherslum annarra sérfræðinga sé framfylgt í skólanum og að skýrslur séu gerðar.

Sérkennslustjóri starfar í nánú samstarfi við foreldra/forráðamenn, situr fundi og viðtöl með þeim og veitir stuðning, fræðslu og ráðgjöf.

Starf sérkennara

Börn með skilgreindar fatlanir eða sérþarfir njóta oftast stuðnings frá sérkennara. Helstu hlutverk sérkennara er að styðja við barnið í leik og starfi. Hann sér til þess að barnið fái notið sín í skólanum og skipuleggur í samstarfi við sérkennslustjóra námsefni og námsleiðir við hæfi. Hversu mikill þessi stuðningur er fer eftir stöðu barnsins, hvar það er statt í þroska.

Nám barnsins getur bæði farið fram inn á deild í hópi með öðrum börnum eða sem einstaklingskennsla utan deildar. Í einstaklingskennslu er verið að leggja áherslu á og efla eitthvað ákveðið hjá barninu eitthvað sem við metum svo að ekki sé unnt að kenna barninu á fullnægjandi hátt inn á deild eða innan um önnur börn. Einnig getur verið gott fyrir barn sem þolir illa mikið áreiti að fara í rólega einstaklingsvinnu með sérkennara.

Vinnuferli

Ef foreldrar eða kennarar hafa áhyggjur af þroska barnsins fer ákveðið ferli af stað og er það unnið í samstarfi við foreldra strax frá byrjun. Mikil áhersla er lögð á gott foreldrasamstarf og er fyrsta skrefið í ferlinu samtal milli foreldra barnsins og kennara. Kennarar og foreldrar skiptast á skoðunum um hvernig gangi heima og í skólanum og ræða leiðir til úrbóta. Gagnkvæm virðing er höfð að leiðarljósi í þessum samtölum þar sem opin samskipti eru mikilvæg. Stundum finna foreldrar og kennarar leiðir til að styðja við barnið, þá setja þeir sér markmið og vinna saman í ákveðinn tíma. Þeir hittast síðan aftur og fara yfir málin og meta framhaldið. Álíti kennarar og foreldrar svo að leita þurfi aðstoðar út fyrir skólann sendir skólinn tilvísun á fjölskyldudeild en þar starfa sérkennsluráðgjafi og sálfræðingur sem þjónusta skóla Akureyrabæjar.

Tilvísun til sérfræðiþjónustu

Á fjölskyldudeild starfa sérkennsluráðgjafi og sálfræðingur sem þjónusta leikskóla Akureyrabæjar. Ef leita þarf aðstoðar varðandi barnið sendir sérkennslustjóri, í samráði við foreldra, tilvísun varðandi barnið til fjölskyldudeildar. Í þeirri tilvísun kemur fram hvernig unnið hefur verið með barnið í skólanum og heima, hvaða leiðir hafa verið farnar til lausnar vandans. Öll gögn s.s. skráningar, myndbandsupptökur af barninu, greinagerðir og útfylltir listar, fylgja tilvísun. Sérfræðingar fjölskyldudeildar vinna síðan úr og bera saman þær upplýsingar sem berast frá heimili og skóla og meta hvernig áframhaldandi mat fer fram í

samráði við sérkennslustjóra og foreldra. Þroskamat eða önnur greiningarúrræði koma til greina.

Einstaklingsnámskrá

Einstaklingsnámskrár eru mikilvægur grunnur fyrir börn með sérkennslu í Hulduheimum. Námskrárnar taka mið af námsþörfum hvers og eins og auka líkurnar á að allir sem koma að þjálfun og kennslu barnanna vinni á sama hátt. Við teljum mikilvægt að einstaklingsnámskrár byggji á styrkleikum og áhugasviði þess sem hún er búin til fyrir og að í henni komi fram þau markmið sem stefnt er að, leiðir sem hægt er að fara að markmiðunum og upplýsingar um hvernig meta eigi árangurinn.